



Barst með tölvupósti 6. júlí 2026

Erindi til allra sveitarfélaga vegna stefnumótunar í málaflokknum

Ágæta sveitarstjórn

Innviðaráðuneytið hefur ýtt úr vör vinnu við endurskoðun stefnumótandi áætlunar í málaflokknum sveitarfélaga þar sem fyrsta skrefið er gerð grænbókar um málefnið.

Í grænbók birtist stöðumat á helstu lögbundnu verkefnum og öðrum viðfangsefnum sveitarfélaga og greining áskorana og tækifæra, sem lagt verður til grundvallar endurskoðun stefnu og aðgerðaáætlunar í málaflokknum.

Óskað er eftir því að sveitarfélögin veiti upplýsingar inn í þessa vinnu og svari meðfylgjandi spurningum fyrir 21. september nk. Ekki verður vitnað í einstaka svör sveitarfélaga í grænbókinni heldur er hvert innlegg mikilvægur þáttur í því að draga fram heildarmynd um stöðu, áskoranir og tækifæri sveitarstjórnarstigsins.

Óskað er eftir að umfjöllunin sé greinargóð en hnitmiðuð og byggi á tiltækum upplýsingum, reynslu og framtíðarsýn sveitarfélagsins.

Bent er á að sambærilegur spurningalisti var sendur til sveitarfélaga vegna stefnumótunar árið 2022 og geta sveitarfélög sem þá tóku þátt stuðst við sín fyrri svör til einföldunar. Hægt er að hafa samband við undirritaða fyrir frekari upplýsingar eða aðgang að fyrri svörum.

Loks er vakin athygli á því að sveitarfélögum mun gefast fleiri tækifæri til að hafa áhrif á stefnumótunina, m.a. með umsögnum um grænbók og síðar hvítbók/drög að stefnu í samráðsgátt stjórnvalda.

Jóhanna Sigurjónsdóttir

verkefnastjóri / Project Manager

Skrifstofa sveitarfélaga, stafrænna innviða og byggðamála